

**Nd.**

**355. Frumvarp til laga**

[53. mál]

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Við 7. gr. laganna bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Bæjar- og sveitarfélög öðlast rétt til ríkisframlags til bygginga sinna, ef þau fullnægja þessum skilyrðum:

1. Fræðslumálastjórnin hafi samþykkt upprætti að húsinu, áður en hafizt er handa um byggingu.
2. Skólalóðin sé fullnægjandi að dómi fræðslumálastjórnarinnar og eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður því með óuppsegjanlegum samningi.

Framlag ríkisins greiðist eftir því, sem fé er veitt til þessara framkvæmda í fjárlögum, og í því skiptingarhlutfalli, er fræðslumálastjórnin ákveður milli hinna einstöku byggingaraðila hverju sinni.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.